



Reykjavík 12.09.2019

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 11. september 2019 varðandi eftirfarandi mál.

Hlemmur +, 1.241.0, 1.241.1 - Hampiðjureitir

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 5. september 2019 að breytingu á skilmálum deiliskipulags "Hlemmur + 1.241.0, 1.241.1 Hampiðjureitir". Í breytingunni felst að skilgreina nánar heimild í deiliskipulagi vegna minniháttar breytinga varðandi kvisti og svalir.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagsfulltrúa, dags. 5. september 2019



Tillaga að breyttum texta í skilmálum og töflu vegna húsa sem standa við Laugaveg, Mjöllnisholt og Þverholt:

Heimilt er að gera minni háttar breytingar á húsum í samræmi við eftirfarandi takmarkanir:

Kvistir:

Almennt skulu kvistir ekki fara nær aðliggjandi húsum en 1 metri og skal form þeirra og útfærsla falla vel að byggingarstíl og aldri. Kvistir skulu dregnir inn frá útvegg um 50cm og frá mæni um 50cm. Við breytingar á þaki skal þakkantur halda upprunalegri gerð.

Við götuhliðar húsa mega kvistir ná yfir allt að 1/3 af þakbreidd og hámarksbreidd einstakra kvista vera allt að 2.0 metrar.

Við bakhliðar húsa mega kvistir ná yfir 2/3 af þakbreidd og standa sem einn stakur eða fleiri minni.

Svalir:

Almennt skulu svalir hafa samræmt létt yfirbragð og útfærsla vera með gegnsæju handriði (stálrímlar).

Við bakhliðar húsa er heimilt að gera svalir á útvegg, hámarksdýpt er 1.3 metrar og hámarkslengd 1/3 af breidd útveggjar. Útlit svala skal vera samræmt. Svalir í risi mega ekki fara út fyrir þakbrún nema þær séu í beinni línu fyrir ofan svalir neðri hæða og hluti af heildstæðu útliti.

Við götuhliðar mega svalir ekki fara út fyrir lóðamörk. Ekki er heimilt að vera með svalir í risi að götu.

Ekki er heimilt að setja skyggni yfir innganga á götuhliðum húsa.

Allur frágangur varðandi breytingar á húsum skulu taka mið af upprunalegri gerð hússins og byggingarstíl þess.

Í töflu á uppdrátti þar sem segir „ekki eru lagðar til breytingar“ er þó heimilt að stækka hús innan þeirra marka sem skilmálabreyting þessi heimilar.

Sjá einnig leiðbeiningar hverfisskipulags um *þakbreytingar og svalir og útlitsbreytingar* dags.: 14.12.2018.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____

þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__